

Nd.

40. Frumvarp til laga

um ættaróðal og óðalsrétt.

Flm.: Jón Sigurðsson, Guðbrandur Ísberg, Jón Pálmason, Pétur Ottesen,
Ólafur Thors.

I. KAFLI

Hvernig jörð verður ættaróðal og um fylgifé hennar.

1. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

- a. Að jörðin sé svo stór eða hafi það í sér, að afraksturinn af því búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfleytt a. m. k. með-alfjölskyldu, að dómi úttektarmanna hreppsins.
- b. Að jörðin sé ekki, að áliti úttektarmanna hreppsins, stærri en svo, að hún sé og hafi jafnaðarlega verið nokkurnveginn fullnytjuð af einum ábúanda.
- c. Að jarðeigandinn, eða erfingi hans, búi eða hafi ábúðarrétt á jörðinni, þegar hún er gerð að ættaróðali, enda öðlist ábúandinn óðalsréttinn.
- d. Að fyrir liggi samþykki fjárráða barna jarðeiganda um, að jörðin sé gerð að ættaróðali.
- e. Að á jörðinni hvíli ekki veðskuldir, er nema yfir 85% af fasteignamatsverði, eins og það er þegar jörðin er gerð að ættaróðali.

Nú hvílir meira á jörðinni, og má þá engu að síður gera hana að ættaróðali, ef eigandi lætur fylgífé með eigninni, sem nemur að minnsta kosti því, er á hvílir umfram 85%.

2. gr.

Heimilt er að gera höfuðból með hjáleigum að ættaróðali, ef hvorttveggja hefir verið í eigu jarðeiganda og forfeðra hans í síðastliðin 50 ár eða lengur, og höfuðbólið í samfelldri ábúð ættarinnar a. m. k. í 50 ár, enda sé beutiland óskipt milli höfuðbóls og hjáleigu og úttektarmenn telji það tjón fyrir höfuðbólið, ef hjáleigurnar væru slitnar úr tengslum við það. Að öðru leyti skal hlita ákvæðum 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Nú er jörð gerð að ættaróðali, og skal þá skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefir fylgt og jarðeigandi á. Ennfremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl.

Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl og bréf ættarinnar frá fyrri tíð, ef einhver eru í hans vörzlum, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá hændaætt, er situr eða setið hefir jörðina.

4. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi, undirritaða við votta, ásamt lýsingu á jörð og jarðarhúsum, skrá yfir fylgífé og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. greinar.

Nú telur sýslumaður, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, og skal þá færa jörðina inn á sérstaka skrá yfir ættaróðul. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin.

Gerninginn skal þinglesa ókeypís á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Nú ánafnar jarðeigandi eða aðrir ættaróðali fylgífé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, er gagnlegt getur talizt til húrekstrar á jörðinni,

og er það þá upp frá því ævarandi fylgifié ættaróðalsins, sem ekki má skerða, ef annað er ekki sérstaklega fram tekið í gjafabréfinu. Sama gildir um hverskonar ættar- og minningargripi, sem afhentir eru sem fylgifié.

6. gr.

Allar kröfur til tryggingar, sem stofnað hefir verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt þeim skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Eign og umráð ættaróðalsins.

7. gr.

Þeir menn einir, karl eða kona, sem eru afkomendur þess, er fyrstur gerði jörðina að ættaróðali, geta fengið ættaróðalið til eignar og umráða. Sbr. þó VII. kafla.

Nú er ættaróðal gefið eða selt samkv. lögum þessum, og ber þá að skoða viðtakanda óðalsins sem ættföður þeirrar bændaættar, er þá tekur við.

8. gr.

Sá maður, karl eða kona, sem hefir rétt til eignar og umráða yfir ættaróðali samkv. lögum þessum og hefir notfært sér þann rétt, telst eigandi óðalsins og fer með það að öllu leyti sem sína eign, innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

9. gr.

Heimilt skal því hjóna, er lengur lifir, að fara með umráð yfir ættaróðalinu, þótt ekki sé það af ættinni, þar til börn þeirra eða aðrir, er rétt hafa til óðalsins, óska að taka við því.

Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja, eða lögráðamanni) hvila sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það.

10. gr.

Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af ættinni treystist til að taka við óðalinu að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

11. gr.

Eignarréttur óðalsbónda á óðalinu og fylgifié þess færast til óðalserfingja hans:

- a. Eyði óðalsbóndi fylgifié óðalsins.
- b. Greiði óðalsbóndi ekki sammingsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, er á óðalinu hvila, svo að leiði til sölu.
- c. Telji óðalsbóndi sér heimili annarsstaðar en á óðalinu.
- d. Hætti að reka búskap á óðalinu.

III. KAFLI

Hvernig ættaróðal erfist.

12. gr.

Ættaróðal gengur óskipt að erfðum til afkomenda þess, er fyrstur gerði jörðina að ættaróðali.

Ættaróðali verður ekki skipt milli erfingja, nema þegar svo stendur á, er segir í 19. gr.

13. gr.

Óðalsbóndi og kona hans skulu, ef þess er kostur, koma sér saman um, hvert af börnum þeirra skuli taka við ættaróðalinu, og tilkynna það sýslmanni.

14. gr.

Nú er annað foreldri eða bæði dái án þess að slík ákvörðun hafi verið tekin, eða hjónin geta ekki orðið ásátt um, hvert barnanna skuli taka við óðalinu, og skulu þá erfingjar reyna að komast sjálfir að samkomulagi um það atriði.

15. gr.

Nú geta erfingjar ekki orðið ásáttir um, hver skuli erfa óðalið, og skal þá sonur arfleifanda jafnan ganga fyrir dóttur, eldri sonur fyrir yngri og eldri dóttir fyrir yngri dóttur. Skilgetin börn ganga fyrir óskilgetnum.

Þegar um er að ræða fjarskyldari óðalserfingja, skal farið eftir skyldleika, þó þannig, að karleggur gangi fyrir kvenlegg, að jöfnum skyldleika.

16. gr.

Nú fellur ættaróðal til ófullveðja erfingja eða ekki verður ákveðið, hver hlýtur óðalið, vegna þess, að erfingjarnir eru á barnsaldri, og skal þá sýslumaður skipa þeim fjárhaldsmann, sem varðveitir ættaróðalið og fylgifié þess, þar til erfinginn er fjárráða.

17. gr.

Erfingi getur neitað að taka við ættaróðali án þess að neita að taka við öðrum eignum arfleifanda.

Nú treystist enginn af hinum nánustu óðalserfingjum að taka við ættaróðalinu, og er þeim þá skylt að bjóða það hinum fjarskyldari, í þeirri röð, sem segir í 15. gr. Nú er nánustu erfingjum eigi kunnugt, hverjir næstir standa óðalserfðinni að þeim frágengnum, eða ókunnugt um dvalarstað óðalserfingja, og skal þá gera þeim aðvart með opinberri auglýsingu í Lögbirtingablaði, hliðstæðri erfingjainnköllun, eftir því sem við á.

18. gr.

Enginn óðalsbóndi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja hvort þeirra, er hann kys, en sá er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

IV. KAFLI

Skipting ættaróðals.

19. gr.

Nú hefir ættaróðal aukizt mjög að verðmæti og framleiðslumöguleikum síðan það var stofnað, og er þá heimilt að skipta því milli erfingja, ef viðkomandi óðalshóndi og kona hans verða á það sátt, eða erfingjar þeirra samþykkja það í einu hljóði, enda fullnægi hið nýja býli ákvæðum 1. gr.

20. gr.

Nú eru skipti ákvæðin, og skal þá gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna og skipta húsum, fylgifé og áhvílandi veðskuldum í réttu hlutfalli við landstærð þeirra, hvors um sig.

Þess skal gætt, að laud hins upphaflega ættaróðals verði þó aldrei minna virði en land jarðarinnar var, þegar ættaróðalið var stofnað. Að skiptum loknum skal hver jarðarhluti skoðast sem sjálfstætt ættaróðal.

21. gr.

Skjöl, myndir og aðrir minjagripir ættarinnar, sem til eru þegar skipti fara fram, skulu ávallt tilheyra gamla ættaróðalinu.

22. gr.

Nú er ættaróðal selt, og er þá kaupanda heimilt að skipta því í tvö eða fleiri býli, en hlíta skal hann um það ákvæðum 1. gr., enda verði hvert býli sjálfstætt ættaróðal. Fylgiféð skiptist á milli í hlutfalli við landstærð, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI

Arfaskipti og framfærsla.

23. gr.

Nú hefir bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá erfingjar hans í fyrsta lið kröfu til þess, að næsti viðtakandi (óðalserfingi) greiði þeim árlega meðan hann lifir, þó eigi lengur en 25 ár, sem svarar 3% af landverði og 2% af húsa- verði jarðarinnar, samkv. þáverandi fasteignamati, af þeirra hluta í skuldlausri eign fasteignarinnar, ef jörðin hefði komið til skipta.

24. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðal og fylgifé þess, erfast samkv. ákvæðum erfðalaganna.

25. gr.

Nú á óðalsbóndi og kona hans fleiri en eitt barn, og skal þá því af börnunum, er óðalið hlaut, skylt að framfæra foreldra sína, nema þau kjósi annað.

Nú hættir óðalsbóndi búskap sökum elli, eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum, og á engan lífserfingja, eða erfingjar hans óska eigi að taka við óðalinu, þannig að óðalserfingi í hliðarlegg ættarinnar tekur við því, og skal þá viðtakandi haga svo til, að fyrirrennari hans og kona hans geti dvalið áfram á jörðinni, ef þau óska þess, enda sé honum eigi meira mein að en svo, að við megi una. Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr, að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Eigi dvalarmaður á ættaróðali, sem hér um ræðir, ekki fé til framfæris sér, skal viðtakandi framfæra hann meðan hann dvelur á heimili hans, enda sé honum það eigi um megn, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

26. gr.

Nú sannast við arfaskipti, eða á annan hátt, að óðalsbóndi hefir eytt fylgifé óðalsins, og ber honum þegar að bæta það að fullu. Nú er um dánarhú að ræða, og skal þá greiða fylgifé af óskiptum eignum húsins, en sé búið þrotabú, skal það vera forgangskrafa, er aðeins vikur fyrir ógreiddum opinberum sköttum af eigninni sjálfri.

VI. KAFLI

Lántökur, veðsetning, lögtak og fjárnám.

27. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í ættaróðalinu, en aðeins til varanlegra húsabóta eða annara álika varanlegra umbóta á jörðinni. Lán það, er á jörðinni hvílir, má þó aldrei nema hærri upphæð en sem svarar 50% af fasteignamatsverði ættaróðalsins, sbr. þó 1. gr. e-lið. Fylgifé má aldrei veðsetja.

28. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali, né selja það til lúkningar skuldum, öðrum en áhvilandi veðskuld, sbr. 1. gr. e-lið og 27. gr., eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri, og þó því aðeins, að bóndi eigi ekki aðrar eignir, sem aðför verði gerð í. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

29. gr.

Nú hefir verið krafizt fjárnáms eða sölu á ættaróðali, og er sýslumanni þá skylt að gera þeim, er næstir standa að erfa óðalið, aðvart. Nú er honum eigi kunnugt, hverjir þeir eru, og skal hann þá gera hlutaðeigandi óðalserfingjum aðvart með opinberri auglýsingu, hliðstæðri erfingjainnköllun. Kostnaður við slíka auglýsingu telst áfallinn sölukostnaður.

VII. KAFLI

Sala ættaróðals og skipting söluverðs.

30. gr.

Nú treystist enginn af ættinni til að taka við ættaróðalinu og óðalseigandi hefir ekki ráðstafað því lögum samkvæmt, og skal það þá selt ásamt fylgifé þess.

31. gr.

Ættaróðal skal ávallt selt með þeirri kvöð, að það verði ættaróðal hins nýja kaupanda ásamt tilheyrandi fylgifé, með þeim skyldum og réttindum, er því fylgja.

32. gr.

Heimilt er ættmönnum þeim, er áður áttu ættaróðalið, að innleysa það til sín innan þriggja ára frá því er sala fór fram.

33. gr.

Ef ættaróðal er selt, skal það af andvirðinu, sem er umfram áhvilandi skuldir, geymt á vöxtum í 3 ár sem arfafé, nema óðalservingi gefi sig fram og innleysi óðalið innan þess tíma. Þá skal greiða honum féð til endurkaupa á óð-alinu með fylgifé. Nú er óðalið eigi innlest innan nefnds tíma, og skal þá and-virðið ganga að hálfu í sjóð, sem óðalinu fylgi og sé undir umsjón sýslunefndar, en að hálfu til óðalsbónda þess, er óðalið átti, eða lögerfingja hans.

Sjóði þessum má verja til varanlegra umbóta á jörðinni.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en ekki tekið til meðferðar. Greinargerð að mestu sambljóða þeirri, er hér fer á eftir, fylgdi frv.:

Nokkru fyrir síðustu aldamót fóru að heyrast allháværar kröfur um sölu þjóðjarða og fjölgun sjálfseignarbænda. Þessari stefnu óx fylgi meðal bænda að sama skapi og hagur þeirra batnaði og trú þeirra á sjálfa sig og framtíð ís-lenzks landbúnaðar fór vaxandi.

Með lögum um sölu þjóðjarða 1905 og sölu kirkjujarða 1907 lét Alþingi undan og bændum var gefinn kostur á að eignast ábýlisjarðir sínar, enda fjölg-aði sjálfseignarbændum mjög næsta áratuginn.

Enginn neitar því, að með þjóðjarðasölu hefist nýtt framfaratímabil í búnaðarsögu okkar, stórstigari framfarir en nokkurn grunaði. Hinu verður heldur ekki neitað, að þegar fram liðu stundir, komu fram vissir annmarkar, sem nauðsyn er að ráða bót á. Annarsvegjar hefir mörgum ungum bændum reynzt lítt kleift eða ókleift, eftir að jarðirnar stórhækkuðu í verði vegna endur-bóta á þeim, að kaupa þær af foreldrum sínum eða meðferfingjum, og því ann-að tveggja orðið að dragast alla æfi með þunga skuldabyrði vegna jarðakaup-anna, eða beinlínis orðið að hrökklast burt af jörðinni, sem þá stundum hefir lent í braski. Hinsvegjar hafa hlaðizt svo miklar veðskuldir á jarðirnar, að eigendur þeirra hafa sumir eigi getað undir risið, einkum á krepputímum. Þetta hvorttveggja hefir átt sinn þátt í því, að fjármagnið hefir streymt úr sveitunum til kaupstaðanna, svo að nú horfir til vandræða í ýmsum sveitum, ef ekkert verður að gert. Þetta er ekkert sérstakt fyrirbrigði fyrir íslenzkan landbúnað. Aðrar þjóðir eiga við ýmsa örðugleika að etja á þessu sviði. Sér-staklega eru það þó hinar miklu veðskuldir á jörðunum, er valda þar mikl-um örðugleikum. Er nú mikið rætt um það erlendis að setja hömlur við því, að jarðir verði veðsettar nema að vissu marki.

Af nágrannaþjóðum okkar hafa Norðmenn og Þjóðverjar komið á hjá sér skipulagi, er miðar að því að útiloka að nokkru eða öllu þá annmarka, er áður var getið um, og tryggja það, að jarðirnar lendi ekki í braski. Norðmenn hafa æfagamlan óðalsrétt, er stefnir að því að tryggja ættinni óðalið með meiru. Telja þeir, að óðalsrétturinn hafi haft ómetanlega þýðingu fyrir norska bændur og fyrir þjóðina í heild. Það ber líka ljósastan vott um, hverjum augum norska þjóðin hefir litið þennan rétt, að hún hefir tekið upp í sjálfa stjórnarskrána ákvæði um, að óðalsrétt mætti ekki fella úr gildi. Á síðastliðnu ári juku þeir við þennan rétt og gerðu sérstakar ráðstafanir til að létta þunghærar veðskuldir á óðalsjörðum.

Þjóðverjar hafa einnig tekið upp einskonar óðalsskipulag með lögum frá 1933 og gert margvislegar ráðstafanir til að styrkja aðstöðu þýzkra bænda.

Það er því fyllilega tími til kominn að taka til athugunar þá annmarka, sem komið hafa hér í ljós á sjálfseignarskipulaginu, og reyna að ráða bót á þeim. Það, sem við leggjum sérstaka áherzlu á að koma til leiðar, er:

- að jarðir haldist í sjálfsábúð og að sjálfseignarbændum fjölgi,
- að komið sé í veg fyrir, að óbærilegar veðskuldir safnist á jarðirnar, svo búrekstur á þeim beri sig ekki,
- að takmarka fjárstrauminn úr sveitunum með því að tryggja það, að sem mest af aflafé bænda varðveitist sem skuldlaus arfur bændastéttarinnar, meðal annars á þann hátt, að sjálfseignarbændur þurfi ekki að kaupa ábýlisjarðir sínar af meðerfingjum sínum þannig, að hver ættliður stofni þess vegna til stórskulda, er hann býr að alla æfi,
- að sporna við því, að bóndi geti með óreiðu eða ónytjungshætti eyðilagt staðfestu barns síns eða ættingja eða framtíð þeirra,
- að glæða og þroska heilbrigðan ættarmetnað og tryggð bænda við föðurleifð sína og islenskan landbúnað.

Tillögur þessar eru byggðar á þeirri sannfæringu, að efling sjálfsábúðarinnar sé eitt helzta grundvallarskilyrðið fyrir jafnri og áframhaldandi þróun landbúnaðarins. Að sjálfseignarskipulagið sé líklegast til að stæla bóndann til viðnáms og veita honum þrótt og þá þrautseigju, er á þarf að halda til að flýja ekki af hólmi og leita sér léttara hlutskiptis þegar harðindi, fjárkreppa og hverskonar óáran steðjar að bændum á allar hliðar.

Í sjálfseignarskipulaginu felst dýrmætur aflgjafi, sem islenskur landbúnaður má sízt án vera, og ber að hlynna að þessum aflgjafa á allan hátt.

Andstæð þessu er sú stefna, sem einnig er hér uppi, að taka beri fyrir sölu þjóðjarða og að ríkið kaupi smátt og smátt allar jarðir, sem nú eru í sjálfsábúð, og útrými þannig sjálfseignarbændum, er fram líða stundir. Fyrir Alþingi liggja nú þegar byrjunartillögur í þá átt.

Bændur verða því á næstu árum að velja um, hvorn kostinn þeir kjósa sér og börnum sínum til handa. Alþingi hefir fyrir skömmu bætt mjög aðstöðu leiguliða með breytingum á ábúðarlöggjöfinni, og nú liggur fyrir Alþingi frv. um erfðaáhúð leiguliða, er miðar að því að tryggja betur ábúð landseta þess opinbera. Aftur á móti hefir ekkert verið gert á síðustu árum til að efla sjálfsábúðina og bæta aðstöðu sjálfseignarbænda.

Þess verður því að vænta, að Alþingi skjóti sér ekki undan þeirri sjálf-sögðu skyldu að hlyna einnig að sjálfseignarbændum, sem eru meiri hluti ís-lenzkra hænða, með því að leysa með löggjöf þau viðfangsefni, sem bent hefir verið á hér að framan og öll þarfnast skjótrar úrlausnar, ef vel á að fara. Slik löggjöf mundi, er fram liðu stundir, tryggja og efla sjálfsábúðina og verða til ómetanlegs gagns fyrir íslenzkan landhúnað. Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er tilraun í þessa átt.

Allsherjarnefnd Búnaðarþingsins, er nú situr, hefir tekið frv. þetta til meðferðar og borið fram eftirfarandi tillögu, er var samþykkt í einu hljóði:

„Búnaðarþingið telur frumvarp til laga um ættaróðal og óðalsrétt stefna til meiri festu og fjárhagslegrar tryggingar fyrir sjálfsábúðina í landinu, sam-hliða því að ákvæði þess, þegar til framkvæmda kæmu, mundu draga úr fjár-flóttu þeim frá sveitunum til kaupstaðanna, sem nú er svo tilfinnanlegur við eignaskipti á jörðum. Búnaðarþingið óskar því eindregið, að Alþingi fallist á frumvarp þetta í meginatriðum, og að það nái fram að ganga í lagaformi“.

Að endingu þykir ástæða til að taka fram, að vegna anna hefir ekki unn-izt mikill tími til undirbúnings þessa mikilsverða máls, og má því vera, að sumt megi hetur fara. Munu flutningsmenn taka með þökkum öllum tillögum til breytinga, sem til bóta mega teljast.